



## ÁRSSKÝRSLA STARFSÁRIÐ 2011-2012

---

---

# 1 INNGANGUR

Starfsárið stóð að þessu sinni frá aðalfundi Vistbyggðarráðs sem haldinn var 8. apríl 2011 til aðalfundar 29. mars 2012 og er hér gerð grein fyrir því helsta úr starfinu á því tímabili, en starfsárið hefur verið viðburðaríkt eins og lesa má á eftirfarandi blaðsíðum.

Vistbyggðarráð var stofnað snemma árs 2010 og því er nú nýliðið annað starfsár samtakanna. Hjá svo ungum samtökum hefur starfið því einkennst af því að enn er verið að byggja upp innra starf og kynna út á við þau málefni og áherslur sem Vistbyggðarráð stendur fyrir.

Vistbyggðarráð er samráðsvettvangur fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana í mannvirkjageiranum sem eiga það sameiginlegt að stefna að aukinni útbreiðslu á vistvænum byggingaraðferðum og skipulagi.

Vistbyggðarráð starfar sem svokallað Green Building Council, en slík samtök hafa verið sett á stofn í löndum víða um heim á undanförunum árum til að stuðla að framþróun í vistvænum áherslum í mannvirkjagerð og skipulagi.

Tilgangur Vistbyggðarráðs er að vera leiðandi vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Samtökin skulu hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði í vistvænni byggð.

Viðfangsefni Vistbyggðarráðs eru m.a.:

- Að skilgreina íslensk viðmið fyrir vistvæna byggð sem auðvelda hönnuðum og hagsmunaaðilum að þróa vistvænar áherslur við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi.
- Að styðja faglega umræðu og rannsóknir á sviði vistvæns skipulags og mannvirkjagerðar.
- Að stuðla að fræðslu almennings og hagsmunaaðila á Íslandi um vistvænt skipulag og mannvirki.
- Að vinna með erlendum systursamtökum með það að markmiði að miðla af okkar reynslu og nýta þekkingu frá öðrum löndum.

## 2 INNRI STARFSEMI

### 2.1 Aðilar

Eftirfarandi fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög eru aðilar að Vistbyggðarráði:

Almenna verkfræðistofan

Arkitektur.is

Arkís

ASK arkitektar

Basalt Arkitektar

Búseti

BYKO

EFF Eignarhaldsfélagið Fasteign

EFLA

Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka

Fasteignir ríkissjóðs

Framkvæmdasýsla ríkisins

Hornsteinar arkitektar

Háskólinn í Reykjavík

Húsasmiðjan

Ístak

Landsvirkjun

Mannvirkjastofnun

Mannvít

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Orkuveita Reykjavíkur

Reitir fasteignafélag

Reykjavíkurborg

Ríkiskaup

Sesseljuhús umhverfissetur

Teiknistofan Tark

THG arkitektar


Urriðaholt

Verkís

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands

VSÓ ráðgjöf

Til að fá yfirlit yfir fjölbreytileika aðildarféлага eru þeir flokkaðir í skífuritinu hér að neðan:



## 2.2 Tekjur félagsins

Rekstur Vistbyggðarráðs er fyrst og fremst fjármagnaður með aðildargjöldum. Samkvæmt lögum samtakanna eru þrjú aðildarflokkar. Aðildargjöld 2011 í flokkunum þremur voru óbreytt frá fyrra ári, 100, 300 og 500 þúsund kr.

Auk aðildargjalda hefur Vistbyggðarráð leitað eftir styrkjum til einstakra verkefna. Nánar er greint frá verkefnum sem hafa hlotið styrki á árinu í kafla 4.5.

Systursamtök Vistbyggðarráðs, þ.e. Green Building Councils í öðrum löndum hafa mörg hver tekjur af rekstri umhverfissvottunarkerfa, þar sem þau annast þá vottanir og fræðslu tengda vottunarkerfunum. Enn sem komið er hefur ekki verið grundvöllur til þess að Vistbyggðarráð hér á landi taki að sér slíkan rekstur.

## 2.3 Stjórn

Stjórn Vistbyggðarráðs er skipuð fimm mönnum auk tveggja varamanna. Annað hvert ár (oddatöluár) eru tveir kosnir í stjórn auk varamanns. Hitt árið (sléttutöluár) eru þrjú kosnir í stjórn auk varamanns. Skipunartími hvers stjórnarmanns er tvö ár í senn.

Á aðalfundi 2011 gengu þrjú úr stjórn og varastjórn, þau Kristveig Sigurðardóttir sem gegndi formennsku fyrsta starfsár Vistbyggðarráðs 2010-2011, Halldór Eiríksson og Sverrir Bollason.

Ný í stjórn voru kjörin á aðalfundi Vistbyggðarráðs árið 2011 Ásdís Hlökk Theodórsdóttir og Ólafur Þór Júlíusson sem aðalmenn og Lena Kadmark sem varamaður.

Ný stjórn kom saman 3. maí 2011 og skipti með sér verkum. Í stjórn Vistbyggðarráðs 2011-2012 hafa setið:

- Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, formaður (Háskólinn í Reykjavík)
- Elín Vignisdóttir, ritari (Verkís),
- Eysteinn Einarsson, gjaldkeri (Efla),

- Guðmundur Tryggvi Sigurðsson, meðstjórnandi (Reitir),
- Ólafur Þór Júlíusson, meðstjórnandi (Húsasmiðjan), Ólafur dró sig út úr starfi stjórnar um mitt ár 2011, þegar hann hvarf frá störfum hjá Húsasmiðjunni.
- Jón Sigurðsson, varamaður (Orkuveita Reykjavíkur),
- Lena Kadmark, varamaður (Framkvæmdasýsla ríkisins).

Stjórnin fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði á starfsárinu og var fylgt þeirri hefð sem skapast hafði á fyrsta starfsári Vistbyggðarráðs, að varamenn taka þátt í störfum stjórnar til jafns við aðalmenn. Fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á vef Vistbyggðarráðs.

## 2.4 Skrifstofa

Vistbyggðarráð hefur einn starfsmann í hálfu starfi, sem er Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra samtakanna.

Aðsetur Vistbyggðarráðs hefur verið hjá verkfræðistofunni Eflu í Höfðabakka 9 í Reykjavík síðan snemma árs 2011. Gert er ráð fyrir að Vistbyggðarráð hafi aðsetur áfram hjá Eflu eitt ár til, en miðað er við að skrifstofa samtakanna sé hýst hjá aðildarfyrirtæki í eitt til tvö ár í senn.

## 2.5 Starfsemi

Almennri starfsemi Vistbyggðarráðs má í grófum dráttum skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða innra starf sem hefur til þessa fyrst og fremst farið fram í vinnuhópum um afmörkuð málefni, en einnig hefur innra starf falist í sérstökum aðilafundi og öðrum beinum samskiptum framkvæmdastýru við einstök aðildarfyrirtæki. Um vinnuhópa og annað innra starf er fjallað í köflum 2.6 til 2.8 hér að neðan. Í öðru lagi er hlutverk Vistbyggðarráðs að miðla almennri þekkingu um vistvænar aðferðir og áherslur til almennings og fagfólks. Það er einkum gert með virkri vefsíðu, opnum málefnafundum og ráðstefnum. Fjallað er um kynningar- og miðlunarstarf Vistbyggðarráðs í 3. kafla hér að aftan. Í þriðja lagi er lögð áhersla á samstarf við ýmsa aðila um einstök verkefni og viðburði sem tengjast markmiðum samtakanna. Um það er fjallað í 4. kafla hér að aftan.

## 2.6 Vinnuhópar

Vinnuhópar hafa verið mikilvægur þáttur í starfsemi Vistbyggðarráðs. Alls voru fimm vinnuhópar starfandi á þessu starfsári sem fjölluðu eftirtalin efni:

- Endurskoðun byggingarreglugerðar
- Orkunýtingu vistvænna bygginga
- Vistvæn byggingarefni
- Vistvæni á Íslandi
- Vistvænt skipulag

Vinnuhóparnir hafa nú flestir lokið störfum eða eru að skila af sér lokaskýrslu. Formaður vinnuhóps um vistvæn byggingarefni sagði af sér formennsku í október og lá starfsemi þess hóps niðri frá þeim tíma, þar sem fyrirhugað var að endurskoða skipulag vinnuhópanna. Framkvæmdastýra og hópstjórar vinnuhópa áttu

fund í desember 2011 til að fara yfir starfið í hópnum og skoða virkni þeirra og árangur. Niðurstaða fundarins var sú að gera þyrfti breytingar á núverandi fyrirkomulagi og lögðu hópstjórar fram tillögu sem lögð hefur verið til grundvallar breyttu skipulagi innra málefna starfs samtakanna sem sett er fram í starfsáætlun fyrir starfsárið 2012-2013. Lokaskýrslur vinnuhópanna verða aðgengilegar á vef Vistbyggðarráðs.

## 2.7 Aðilafundur

Fyrsti aðilafundur Vistbyggðarráðs var haldinn þann 29. september 2011 í húsnæði Reykjavíkurborgar í Borgartúni. Til fundarins voru boðaðir fulltrúar aðila Vistbyggðarráðs og var mæting ágæt. Markmið fundarins var fyrst og fremst að koma á umræðu milli aðila og gefa þeim kost á að efla tengsl sín í milli en einnig að gefa aðilum tækifæri á að koma með beinum hætti að stefnumótun og hafa áhrif á starfsemi og áherslur Vistbyggðarráðs. Á fundinum kynnti Anne Marie Sparf frá Umhverfisstofnun Svansvottun fyrir byggingar. Þá sagði Sigríður Björk Jónsdóttir framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs frá því hvað væri helst á döfinni á vegum samtakanna næstu mánuði og Ásdís Hlökk Theodórsdóttir formaður Vistbyggðarráðs fjallaði stuttlega um starf alþjóðlega vistbyggðarráðsins (World Green Building Council) og mögulega aðild Vistbyggðarráðs hér á landi að því. Hluti fundarins var síðan helgaður almennum umræðum fundarmanna um áherslur í starfi Vistbyggðarráðs og kom þar margt fram sem stjórnin hefur lagt til grundvallar í starfi sínu í kjölfarið. Að endingu sögðu Helgi Már Halldórsson arkitekt og Helga Jóhanna Bjarnadóttir frá umhverfissvottun í SPITAL verkefninu.

## 2.8 Stefnumótun

Auk umræðu á aðilafundinum í haust, var haldinn sérstakur stefnumótunarfundur í janúar 2012, þar sem stjórn og fulltrúar vinnuhópa ræddu vítt og breitt um áherslur í starfi Vistbyggðarráðs. Þá hefur framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs heimsótt aðildarfyrirtæki, bæði til að kynna starfsemi samtakanna og til að leita eftir sjónarmiðum aðila um áherslur í starfinu. Allt þetta hefur gefið gott vegarnesti fyrir mótun starfsáætlunar fyrir starfsárið 2012-2013.

### 3 YTRI STARFSEMI

#### 3.1 Kynningarmál

Lögð hefur verið áhersla á það á þessu öðru starfsári Vistbyggðarráðs að halda áfram að kynna starfsemina, bæði til að hvetja fleiri til aðildar að ráðinu, svo efla megi enn frekar starfsemina, en einnig til að vekja fleiri til vitundar um vistvænar áherslur í mannvirkjagerð og skipulagi. Fyrst og fremst hefur þetta kynningarstarf farið fram á vefnum, en einnig hefur verið vakin athygli á starfseminni með greinarskrifum í dagblöð og útvarpsviðtali svo eitthvað sé nefnt. Þá má nefna að útbúin hefur verið útfærsla á merki Vistbyggðarráðs sem ætlað er fyrir aðila til að nota á vefsíðum sínum og eftir atvikum öðru kynningarefni, til að sýna að viðkomandi fyrirtæki eða stofnun sé aðili að Vistbyggðarráði. Þá er í vinnslu kynningarbæklingur um Vistbyggðarráð og vistvænar áherslur í mannvirkjagerð og skipulagi.

#### 3.2 Vistbyggðarráð á vefnum

Á starfsárinu hefur verið haldið áfram að byggja upp vefsíðu Vistbyggðarráðs, [www.vbr.is](http://www.vbr.is), sem öflugan miðil um starfsemi samtakanna og vistbyggðarmálefni almennt. Auk þess að sinna almennu viðhaldi og reglulegri endurskoðun vefsíðunnar hefur verið lögð áhersla á að vefsíðan sé virkur fréttavefur, bæði um viðburði framundan, liðna viðburði, útgefið efni og ýmsar nýjungar og annað áhugavert á sviði vistvænna bygginga og skipulags. Framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs annast rekstur vefsins.

Á árinu var einnig opnuð síða á Facebook undir yfirskriftinni Vistbyggðarráð. Með opnun hennar er hugmyndin að geta enn frekar vakið athygli á starfsemi Vistbyggðarráðs og aukið umræðu um sjálfbæra þróun og vistvænar áherslur í mannvirkjagerð og skipulagi.

#### 3.3 Opnir fundir

Vistbyggðarráð stóð fyrir þremur opnum fundum á starfsárinu.

Föstudaginn 28. október 2011 stóð Vistbyggðarráð fyrir opnum fundi á Kex hostel, undir yfirskriftinni „Hvað er vistvæni á Íslandi? Umhverfisvænni byggingar í íslensku samfélagi“. Aðalræðumaður fundarins var Árni Friðriksson arkitekt hjá ASK arkitektum sem sagði frá ýmsum verkefnum sem hann hefur unnið að hér á landi við umhverfisvæna hönnun, þ.á.m. Sesseljuhús á Sólheimum í Grímsnesi. Pétur Marteinsson, einn af eigendum Kex hostel sagði fundargestum frá áherslum og efnisvali við innanhússhönnun á Kex hostel, en þar er á hugmyndaríkan og nýstárlegan hátt unnið með endurunnin byggingarefni. Auk þeirra sögðu Óskar Valdimarsson forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins frá nýjum umhverfisviðmiðum fyrir byggingar og þau Elín Vignisdóttir landfræðingur og Sverrir Bollason verkfræðingur sögðu frá starfi vinnuhópa Vistbyggðarráðs um vistvæni á Íslandi og vistvæn byggingarefni.

Föstudaginn 18. nóvember 2011 var haldinn opinn fundur í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu undir yfirskriftinni „Orkunýtnar byggingar í vistvænu skipulagi“. Að fundinum stóðu tveir af vinnuhópum Vistbyggðarráðs, vinnuhópur um orkunýtni vistvænna bygginga og vinnuhópur um vistvænt skipulag. Formenn vinnuhópanna, Jón Sigurðsson tæknifræðingur og Egill Guðmundsson arkitekt kynntu starf vinnuhópanna. Þá sagði Kristveig Sigurðardóttir verkfræðingur hjá Almennu verkfræðistofunni frá samanburðarrannsókn á

nokkrum evrópskum kerfum til að mæla orkunýtingu bygginga. Björn Axelsson landslagsarkitekt og umhverfisstjóri Reykjavíkurborgar kynnti vistvænar áherslur í skipulagsmálum borgarinnar. Þá sagði Halldóra Hreggviðsdóttir verkfræðingur og framkvæmdastjóri Alta, frá skipulagi Urriðaholts í Garðabæ sem er fyrsta heildstæða skipulagsáætlunin hér á landi sem byggir á vistvænum gildum og viðmiðum. Að lokum greindi Málfríður K. Kristianssen frá Skipulagsstofnun frá helstu atriðum í drögum að nýrri skipulagsreglugerð.

Vistbyggðarráð stóð fyrir opnum fundi í húsnæði verkfræðistofunnar Eflu fimmtudaginn 1. mars 2012 þar sem farið var yfir það helsta sem fram kom á ráðstefnu norrænu vistbyggðarráðanna í Osló í febrúar 2012.

### 3.4 Ráðstefna norrænu vistbyggðarráðanna

Norrænu vistbyggðarráðin (Green Building Councils) stóðu fyrir sinni annarri sameiginlega ráðstefnu 9.-10. febrúar 2012 og var ráðstefnan að þessu sinni í Osló. Á ráðstefnunni var dregið fram það helsta sem er að gerast á sviði vistvænna bygginga og skipulags á Norðurlöndunum. Meðal fyrirlesara voru Jeff Risom frá Jan Gehl Architects, Frank Hovorka, Tuuli Kaskinene, Stefan van Uffelen, Brian Edwards, Signe Kongebro og Maria Nordberg. Fulltrúar Vistbyggðarráðs voru líka sýnilegir í dagskránni. Sigríður Björk framkvæmdastýra stýrði einni málstofu ráðstefnunnar og Helga Jóhanna Bjarnadóttir og Óskar Valdimarsson voru meðal framsögumanna.

### 3.5 Árleg ráðstefna Vistbyggðarráðs

Vistbyggðarráð stóð ásamt Vistmennt að ráðstefnu 12. maí 2011. Ráðstefnan var haldin undir yfirskriftinni „Vistvænni byggð, heilbrigðara umhverfi, betri líðan, bjartari framtíð“.

Dagskrá ráðstefnunnar var tvískipt. Eftir setningarávarp umhverfisráðherra, var dagskráin fyrir hádegi helguð hönnun og skipulagningu verkefna í mannvirkjageiranum þar sem unnið er með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þar töluðu Dennis Carlberg, arkitekt og forstöðumaður sjálfbærnimála við Boston University, Martin Haas, arkitekt hjá Behnisch Architekten í Þýskalandi og stjórnarmaður í þýska vistbyggðarráðinu, Harpa Birgisdóttir, verkfræðingur og sérfræðingur hjá rannsóknastofnun byggingariðnaðarins í Danmörku, Mark Clough, verkfræðingur og sérfræðingur í vottunarkerfum hjá Genex í Bretlandi, Mikael Koch, arkitekt, stjórnarmaður í danska vistbyggðarráðinu og formaður félags sjálfstætt starfandi arkitekta og Helga Jóhanna Bjarnadóttir, verkfræðingur og forstöðumaður umhverfissviðs verkfræðistofunnar Eflu.

Eftir hádegið fjölluðu Halldór Eiríksson arkitekt hjá Tark arkitektum, Martin Haas og pallborð annarra frummælenda um vottunarkerfi, en síðasti hluti dagskrárinnar fólst í að formenn vinnuhópa Vistbyggðarráðs sögðu frá starfi hópanna.

Vistbyggðarráð stefnir að því að standa fyrir árlegri ráðstefnu af þessu tagi og er nú unnið að undirbúningi annarrar árlegrar ráðstefnu Vistbyggðarráðs, sem er fyrirhuguð 24. maí 2012, en á henni verður sjónum beint að vistvænum byggingarefnum.

### 3.6 Námskeið um vottunarkerfi

Vistbyggðarráð mun standa fyrir hálf dags námskeiði um þýska vottunarkerfið DGNB 27. apríl 2012.



### 3.7 Samskipti við stjórnvöld

Í september 2011 áttu fulltrúar Vistbyggðarráðs fund með Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra og afhentu við það tækifæri áskorun frá stjórn Vistbyggðarráðs til stjórnvalda. Í áskoruninni beinir Vistbyggðarráð því til umhverfisráðherra, sem æðsta yfirmanns mannvirkjamála í landinu, að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin ákveði að allar byggingarframkvæmdir á vegum ríkisins skuli hannaðar og byggðar í samræmi við kröfur sem gerðar eru til vistvænna bygginga. Það getur átt við allt frá því að fylgja viðurkenndum viðmiðum um vistvæna hönnun og framkvæmdir, til þess að byggingar hljóti formlega vottun viðurkenndra vottunaraðila um vistvænar byggingar. Með því að ákveða að við allar opinberar byggingarframkvæmdir skuli fylgt kröfum um vistvænar áherslur myndu stjórnvöld sýna mikilvægt frumkvæði sem yrði aðilum á byggingarmarkaði mikilvæg fyrirmynd og jafnframt hvati til þess að flýta fyrir því að vistvænar áherslur verði almennt innleiddar í mannvirkjagerð og á byggingarmarkaði hérlendis.

Á starfsárinu hefur Vistbyggðarráð jafnframt gefið umsagnir um drög að reglum og reglugerðum sem stjórnvöld hafa haft í smíðum, nánar tiltekið við byggingarreglugerð, skipulagsreglugerð og umhverfisskilyrði fyrir byggingar og verklegar framkvæmdir tengt verkefni stjórnvalda um vistvæn innkaup.

## 4 INNLENT OG ERLENT SAMSTARF

### 4.1 Norrænu vistbyggðarráðin

Vistbyggðarráð á í góðu samstarfi við systursamtök sín á hinum norðurlöndunum (Green Building Councils) sem tóku öll til starfa um svipað leyti og Vistbyggðarráð hér á landi. Framkvæmdastjórar samtakanna eiga reglulega símafundi, auk þess sem þeir funduðu hér á landi í nóvember 2011.

Norrænu vistbyggðarráðin héldu sína aðra sameiginlegu ráðstefnu í febrúar 2012 (sjá kafla 3.4). Þá er Vistbyggðarráð í samræðum við norska vistbyggðarráðið um hugsanlegt samstarf varðandi vottunarkerfi fyrir byggingar.

### 4.2 Alþjóðalega vistbyggðarráðið

Vistbyggðarráð hefur í skoðun möguleika á aðild að alþjóðlega vistbyggðarráðinu (World Green Building Council), en með því fengist mikilvæg viðurkenning á hlutverki og starfi Vistbyggðarráðs og aðgangur að víðtæku upplýsinga- og tengslaneti. Framkvæmdastýra hefur verið í samskiptum við skrifstofu alþjóðasamtakanna og leitað hefur verið eftir því að tekið sé tillit til smæðar Vistbyggðarráðs og íslensks byggingarmarkaðar varðandi aðildargjöld að alþjóðlegu samtökunum. Þetta mál verður áfram til skoðunar á komandi starfsári.

### 4.3 Vistmennt

Leonardo menntaáætlun Evrópusambandsins veitti árið 2010 Endurmenntun Háskóla Íslands, Arkitektafélagi Íslands, Tækniskólanum, Iðunni fræðslusetri og þremur öðrum samstarfsaðilum í Danmörku og Englandi, styrk til þýðingar, staðfærslu og þróunar á námsefni um sjálfbæra hönnun og gerð bygginga. Styrkurinn er til tveggja ára. Verkefnið ber heitið „Dawn of sustainability“ eða Vistmennt.

Vistbyggðarráð og Vistmennt hafa gert samkomulag um samstarf til loka ársins 2012. Að þeim tíma loknum verði samkomulagið tekið til endurskoðunar með það að markmiði að Vistbyggðarráð taki yfir verkefnið og haldi utan um þau gögn sem standa eftir þegar vinnu Vistmenntar lýkur.

### 4.4 Skipulagsfræðingafélag Íslands

Á starfsárinu var einnig gengið frá samstarfssamningi við Skipulagsfræðingafélag Íslands (SFFÍ) til ársloka 2013. Samstarf Vistbyggðarráðs og Skipulagsfræðingafélagsins mun hverfast um einstaka viðburði, virka samvinnu varðandi Skipulagsverðlaun SFFÍ og málþing um vistvænt skipulag. Auk þess mun hvor aðili um sig efla almenna kynningu og upplýsingagjöf til félagsmanna um starfsemi félaganna í þeim tilgangi að koma á virkri samræðu milli aðila.

## 4.5 Styrkir til nýrra verkefna

Í september 2011 auglýsti umhverfisráðuneytið eftir umsóknum um styrki til verkefna sem fælu í sér faglega uppbyggingu á sviði umhverfismála. Vistbyggðarráð sótti ásamt samstarfsaðilum um tvo slíka verkefnastyrki og tilkynnti ráðuneytið í mars 2012 að bæði verkefni hlytu styrk.

Annarsvegar er um að ræða verkefni um umhverfissvottun bygginga sem hlaut 1 millj. kr. styrk. Samstarfsaðilar Vistbyggðarráðs í því verkefni eru Almenna verkfræðistofan, Framkvæmdasýsla ríkisins, Mannvirkjastofnun og verkfræðistofan Efla. Verkefnið felst í greiningu á kostnaðaráhrifum umhverfissvottunarkerfa fyrir byggingar héraendis og hvernig þau eigi við íslenskar aðstæður. Samhliða undirbúningi þessa verkefnis hefur verið rætt óformlega við rekstraraðila nokkurra umhverfissvottunarkerfa erlendis um mögulega aðlögun þeirra hér á landi, en þær umræður eru á byrjunarstigi.

Hinsvegar er um að ræða verkefni um vistvænt skipulag sem hlaut 600 þús. kr. styrk. Samstarfsaðilar Vistbyggðarráðs í því verkefni eru Arkís, Háskólinn í Reykjavík og Skipulagsstofnun. Verkefnið felst í að taka saman á handbókarformi viðmið um skipulag vistvænnar byggðar fyrir íslenskar aðstæður.

## 5 AÐ LOKUM

Nýliðið starfsár Vistbyggðarráðs hefur í senn verið viðburðaríkt og ánægjulegt. Ráðstefna síðasta árs og opnir fundir hafa mælst vel fyrir – verið vel sótt, með áhugaverðum framlögum framsögumanna og líflegum umræðum.

Fjöldi fólks hefur lagt hönd á plóginn og á það allt þakkir skyldar fyrir óeigingjarnt framlag. Sérstakar þakkir skulu þó færðar Sigríði Björk Jónsdóttur, framkvæmdastýru Vistbyggðarráðs, sem hefur haldið utan um starf samtakanna af elju, áhuga og hugmyndaauðgi. Stjórnarmönnum á yfirstandandi starfsári og frumkvöðlunum í stjórn á fyrsta starfsárinu, sem ruddu brautina fyrir starf þessa árs, er jafnframt þakkað þeirra góða framlag. Þá má ekki gleyma þeim sem tekið hafa þátt í vinnuhópum Vistbyggðarráðs þar sem farið hefur fram mikilvæg gagnaöflun, gerjun og umræða um einstök, sérhæfð málefni.

Við lok starfsársins er margt í farvatninu, s.s. undirbúningur annarrar ráðstefnu Vistbyggðarráðs í maí n.k, vinna við ný verkefni um umhverfissvottun og viðmið fyrir vistvænt skipulag og svona mætti áfram telja. Það er enginn skortur á spennandi og þörfum verkefnum á verksviði Vistbyggðarráðs. Jafnframt verður áfram tilefni til að sinna almennu kynningarstarfi út á við og ekki síður að laða að fleiri aðila til beinnar þátttöku í starfi Vistbyggðarráðs. Með því styrkist einnig tekjugrundvöllur samtakanna, sem er ásamt þekkingu og krafti þátttakenda nauðsynleg forsenda áframhaldandi öflugis og árangursríks starfs Vistbyggðarráðs.

Að endingu eru verkfræðistofunni Eflu færðar þakkir fyrir að hýsa skrifstofu samtakanna á liðnu starfsári.

Reykjavík, 29. mars 2012

f. h. stjórnar Vistbyggðarráðs

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

formaður